

# Grundvallarþættir atferlisbreytingar

## E-709-GRAT



**Ár:** 1. ár

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-702-SIFA og E-706-HULO

**Kennari:** Ingibjörg Sveinsdóttir og Atli Freyr Magnússon

**Lýsing:** Í þessu námskeiði læra nemendur að hanna tegundir íhlutunar sem eru minnst takmarkandi (e. *least restrictive*) og eru áhrifaríkar við að fá fram atferlisbreytingar sem eru mikilvægar persónulega og félagslega. Farið er yfir grunnþætti atferlisbreytingar, þ.m.t. notkun eftirfarandi: jákvæð styrking og frástyrking, viðeigandi færíbreytur og styrkingarhættir; þriggja þátta skilmáli, áreitisstjórn, aðgreining og yfirfærsla, vísbendingar og fjörun vísbendinga, sýnikennsla og eftirherming, mótun, keðjun, verkgreining, stakar atrennur og lausahegðun, málvirkir sem grundvöllur fyrir málproskamælingu, áreitisstjórn bergmælis, boðþjálfun, bandþjálfun, máltaksþjálfun, hlustunarþjálfun, refsing og sekt, viðeigandi færíbreytur og refsingarhættir, slokknun, samsetningar á ofan nefndum þáttum, styrkingarhættir óháðir svörun (tímahættir) og mismunastyrkingarhættir (t.d. DRH, DRA, DRI, DRL, DRO). Nemendur læra einnig um tiltekna aðferðir við atferlisbreytingu sem nota íhlutun byggða á aðdraganda (t.d. aðstæðu- eða vistfræðilegar breytur, forskilyrði og greinireiti), aðferðir við þjálfun í aðgreiningu; fyrirmæli og reglur; styrkingarsamninga (t.d. atferlissamningar); óháðar, víxlháðar og háðar hópstyrkingar; aðferðir við áreitisjöfnun; jöfnulögmálið og að þekkja þætti sem hafa áhrif á val; Premacks lögmálið; tengingu aðferða til að koma á nýjum skilyrtum styrkjum (t.d. fólk, kuml, hrós, athafnir); villulaust nám; pörun. Við skoðun á tilteknum aðferðum við að breyta hegðun læra nemendur einnig að undirbúa áhrif af hegðunarspeglun og beita hátíðnihegðun og lágtíðnihegðun til að auka eða minnka hegðun.

**Lærdómsviðmið:** Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

- sýnt þekkingu á víðu sviði grunnþátta í breytingaferlum atferlisgreiningar
- sýnt þekkingu á margvíslegum aðferðum til að breyta hegðun

**Námsmat:** Gerð er krafa um að nemendur taki þátt í les- og umræðuverkefnum í kennslustofu og eru nemendur metnir á grundvelli skriflegra verkefna og lokaprófs.

**Tungumál:** Íslenska.

**ECTS:** 6